

Gildandi deiliskipulag "Þróttarsvæðisins" - samþykkt í borgarráði 23.06.1998 með breytingu fyrir Holtaveg 11 samþykkt 25. 07.2013


Mkv. 1:1000 m.v. blaðstærð A2

GREINARGERÐ:
Í gildi er deiliskipulag Þróttarsvæðisins, samþykkt í borgarráði 23.06.1998. Árið 2013 var gerð breyting á deiliskipulaginu fyrir aðliggjandi lóð, Holtaveg 11 sem samþykkt var í borgarráði þann 25. 07.2013. Sú breyting er felld inn á uppráttinn að ofan til þess að gefa sem réttasta mynd af gildandi skipulagi.

Deiliskipulagsbreyting þessi tekur einungis til lóðarinnar Hólmasunds 2. Á lóðinni er starfræktur íbúðakjarni fyrir fatlaða einstaklinga. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að stækka byggingarreit til þess að rúma betur nauðsynlegar geymslubyggingar íbúðakjarnans. Nýtingarhlutfall á lóðinni helst óbreytt.

Skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er lóðin á íbúðasvæði. Fyrirhuguð deiliskipulagsbreyting samræmist aðalskipulagsheimildum.

SKILMÁLATAFLA	Íbúðargerð	fjöldi íbúða	fjöldi hæða	hámarksnýting
	Sambýli	5	1	0,25



Tillaga að breyttu deiliskipulagi vegna Hólmasunds 2

Mkv. 1:1000 m.v. blaðstærð A2

LÝSING Á DEILISKIPULAGSBREYTINGU:
Á deiliskipulagsupprætti eru færð inn lóðarmörk skv. lóðarblaði sem Reykjavíkurborg gaf út árið 2002. Skráð og þinglýst stærð lóðar er 2.601m² en í gildandi deiliskipulagi var lóð skráð 2.550m². Á upprætti er gerð er grein fyrir úreltum lóðarmörkum gildandi deiliskipulags og lóðarstærð leiðrétt.

Byggingarreitir lóðarinnar Hólmasund 2 stækka til austurs, þ.e. í átta að bílastæðum. Fyrirhuguð er að byggja tækjageymslu annarsvegar og sorp- og hjólagæmslu hinsvegar. Gerð er krafa um að geymslubyggingar á lóð hæfi gerð núverandi húss og taki tillit til þess í formum og efnisnotkun. Geymslubyggingar verða staðsettar innan byggingarreits. Aukið byggingarmagn á lóðinni rúmast innan heimilda til nýtingar og því er ekki þörf á að breyta nýtingarhlutfalli.

Núverandi bygging sem byggð var árið 2002 er sýnd á upprætti sem og fyrirkomulag bílastæða á lóð og gróður. Gildandi deiliskipulag sýndi 10 bílastæði en engin fyrir hreyfihamlaða. Núverandi heildarfjöldi bílastæða á lóð eru 9 stæði, þar af 2 fyrir hreyfihamlaða og er það fyrirkomulag fært inn í tillögu að deiliskipulagi á upprætti.

Eina breytingin á skilmálatöflu fyrir lóðina Hólmasund 2 er að hugtakinu "sambýli" sem ekki er lengur notað, er skipt út fyrir orðið "íbúðakjarni". Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

SKILMÁLATAFLA	Íbúðargerð	fjöldi íbúða	fjöldi hæða	hámarksnýting
	Íbúðakjarni	5	1	0,25



Útdráttur úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030



Lofmynd úr Borgarvefsjá - júlí 2018

- SKÝRINGAR**
- Áfmörkun deiliskipulagsbreytingar
 - Lóðarmörk skv. gildandi skipulagi
 - Lóðarmörk - leiðrett skv. mæliblaði frá 2002
 - Lóðarmörk -úrelt (felld úr gildi)
 - Núverandi byggingar - húsnúmer
 - Byggingarreitir
 - Byggingarreitir - mörk falla úr gildi
 - Núverandi trjágróður á lóð - ekki bindandi

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á embættisafgreiðsluf. skipulagsfulltrúa


þann 7. nóvember 2019.

Tillagan var grenndarkynnt frá 4. október 2019

með athugasemdafresti til 1. nóvember 2019

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann 29. nóvember 2019



PRÓTTARSVÆÐIÐ - Hólmasund 2
DEILISKIPULAGSBREYTING

Deiliskipulagsuppráttur		
Breyting:	Techn.nr.:	D01
Útgáfud.:	Mkv.:	1:1000
Verknr.:	Techn.:	Ylfr.:
1901001	ST	ÁK

GLÁMA·KÍM

Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík
t: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739
glamaki@glamaki.is, www.glamaki.is